

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
82. fundur –25. október 2004**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 25. október 2004, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 81. funda heilbrigðisnefndar

Samþykkt.

2. Fundargerð 69. starfsmannafundar frá 21. október 2004

2.1 Starfsleyfi.

Garðabær

2.1.1 Hrismóar 2, Garðabæ - lyfjaverslun.

Lögð fram umsókn Elínar Kristjánsdóttur, fh. Lyfju hf., kt. 531095-2279, dags. 05.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs lyfjaverslunar að Hrismóum 2, Garðabæ. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.2 Lyngás 17, Garðabæ - söluturn með óvarin matvæli.

Lögð fram umsókn Einars Harðarsonar, fh. Eignarhaldsfélagsins Laufáss ehf., kt. 460904-2770, dags. 14.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns með óvarin matvæli að Lyngási 17, Garðabæ. Einnig sótt um tóbaksleyfi. Mælt með staðfestingu. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.3 Skólabraut, Garðabæ - íþróttahús og sundlaug.

Lögð fram umsókn Gunnars Erlingssonar, fh. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 19.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttahúss og sundlaugar að Skólabraut, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

Hafnarfjörður

2.1.4 Berjahlíð 2, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Berjahlíð 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.5 Erluás 2, Hafnarfirði - innflutningsverslun.

Lögð fram umsókn Gunnars Más Sigfússonar, fh. GM innflutnings ehf., kt. 481004-2840, dags. 11.10.2004, þar sem sótt er um leyfi vegna innflutnings matvæla með lögheimili að Erluási 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.6 Fjarðargata, Hafnarfirði - jólaþorp

Lögð fram umsókn Alberts Eiríkssonar, fh. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 07.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs jólaþorps á bílastæði Hafnarborgar við Fjarðargötu í Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt að lokinni úttek heilbrigðisfulltrúa.

2.1.7 Hvaleyrarbraut 26, Hafnarfirði - fiskvinnsla.

Lögð fram umsókn Aðalsteins Sæmundssonar, fh. Þurrkaðra fiskafurða ehf., kt. 710796-2119, dags. 11.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heitloftspurrkunar sjávarafurða að Hvaleyrarbraut 26, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Heilbrigðisnefnd vísar umsókninni frá með vísun til 11. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Gera verður grein fyrir staðháttum á vinnslustað og leggja fram afrit af samþykkt bygginganefndar þeim til staðfestingar ásamt upplýsingum um hvernig tryggja á nægjanlega umhverfisvernd vegna ólyktar sem borist getur út fyrir lóðarmörk.

2.1.8 Klettahraun 17, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Klettahrauni 17, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.9 Rauðhella 7, Hafnarfirði - steinsmiðja

Lögð fram umsókn Finnbjörns Finnbjörnssonar, fh. Granítismiðjunnar ehf., kt. 600103-3180, dags. 13.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs steinsmiðju að Rauðhelli 7, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 15 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktá notkun fasteignar.

2.1.10 Staðarberg 2-4, Hafnarfirði - lyfjaverslun

Lögð fram umsókn Árna Vésteinssonar, fh. Lyfju hf., kt. 531095-2279, dags. 05.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs lyfjaverslunar að Staðabergi 2-4, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.11 Steinahlíð 1, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Steinahlíð 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

Kópavogur

2.1.12 Hagasmári 1, Kópavogi - kvikmyndahús.

Lögð fram umsókn Sverris Bergs Steinarssonar, fh. Skífunnar ehf. kt. 510177-0969, dags. 04.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kvikmyndahúss að Hagasmára 1, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.13 Hagasmári 2, Kópavogi - Go-kart bílar.

Lögð fram umsókn Dorothy Ellison, fh. Icekart á Íslandi ehf., kt. 480402-3240, dags. 29.06.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs Go-kart bíla (beníndrifinna körtubíla) að Hagasmára 2, Kópavogi.

Breyting á starfsemi. Til staðar er leyfi til reksturs rafmagnsdrifinna körtubíla

Lagt fram að nýju bréf frá íbúum við Fellasmára dags.26.09.2004.

Lagt fram rafbréf frá Icekart á Íslandi ehf. dags. 07.10.2004.

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlitsins til umsækjanda dags. 12.10.2004.

Heilbrigðisnefnd vísar umsókninni frá með vísun til 11. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Gera verður grein fyrir hávaða sem berst frá starfseminni í nærliggjandi íbúðarhverfi.

2.1.14 Smiðjuvegur 4, Kópavogi - verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram umsókn Njáls Gíslasonar, fh. Icedex Íslandi ehf., kt. 710801-2070, dags.

05.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með hreinlætisvörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.15 Smiðjuvegur 4c, Kópavogi - prentsmiðja.

Lögð fram umsókn Guðleifs Magnússonar, fh. Hug- og handverks ehf., kt. 440304-2410,

dags. 08.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs á prentsmiðju og tengdri starfsemi að Smiðjuvegi 4c, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.16 Suðurlandsvegur, Geirland, Kópavogi - lager og söluaðstaða fyrir jarðefni.

Lögð fram umsókn Braga Sigurjónssonar, kt. 170636-7919, dags. 21.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs flokkunar, lagers og söluaðstöðu fyrir jarðefni að Geirlandi við Suðurlandsveg, Kópavogi. Ný starfsemi.

Lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 18.10.2004 þar sem bæjarráð fellst á beiðni landeiganda um að honum sé heimilt að stunda umrædda starfsemi á landi sínu til þriggja ára til viðbótar. Samþykkt að auglýsa tillögu að starfsleyfi.

2.2 Umsagnir.

Hafnarfjörður

2.2.1 Fjarðargata 11, Hafnarfirði - veislubjónusta, veitingaverslun.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 05.10.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þórarins Ævarssonar, fyrir hönd Pizza Pizza ehf., kt. 680795-2584 um endurnýjun veitingaleyfis fyrir Domino's Pizza, Fjarðargötu 11, Hafnarfirði vegna stækkunar á staðnum. Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.2 Helluhraun 1, Hafnarfirði - veitingastofa, greiðasala.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 05.10.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ingveldar Gísladóttur um endurnýjun veitingaleyfis fyrir Jolla efh., kt. 701092-2449, Helluhrauni 1, Hafnarfirði. Jákvæð umsögn samþykkt.

Kópavogur

2.2.3 Hagasmári 1, Kópavogi - kvikmyndahús.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 27.09.2004 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sverris Bergs Steinarssonar, fh. Skífunnar ehf., kt. 510177-0969, til að reka veitingasölu í kvikmyndahúsi í Smáralind við Hagasmára 1, Kópavogi. Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.4 Kópavogsbraut 81, Kópavogi - gistingu á einkaheimili.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 28.09.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigurlaugar Guðmundsdóttur, kt. 130843-4769, til að selja gistingu með morgunverði á einkaheimili sínu að Kópavogsbraut 81, Kópavogi. Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.5 Rjúpnasalir 1, Kópavogi - veitingastofa.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 24.09.2004 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sveins Guðmundssonar, fh. Ískaupa ehf., kt. 410704-3150 til að reka veitingastofu að Rjúpnasölum 1, Kópavogi.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.3 Annað.

Lögð fram fræðslurit Umhverfisstofnunar;
upplýsingablað 4 – Mengun hafs og stranda. október 2004,
upplýsingablað 5 – Friðlýsingarflokkar. október 2004
upplýsingablað 6 – Hvað er friðlýsing, október 2004

3. Eftirlit með hundahaldi

3.1 Árás hunds við Garðatorg, Garðabæ

Lögð fram að nýju lögregluskýrsla frá 23. apríl 2004 vegna árásar hunds á mann á gangstétt og umsögn dýralæknis, dags. 16. október 2004.

Heilbrigðisnefnd telur hér um alvarlegt tilvik að ræða og áminnir hundeiganda með vísun til ákvæða 10. samþykktar um hundahald að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu.

3.2 Verklag við mat á því hvort hundur teljist varasamur

Rætt um verklag við mat á því hvort hundur sé grimmur eða varasamur sbr. ákvæði 11. gr., samþykktar um hundahald nr. 154/2000 .

4. Eftirlit með atvinnustarfsemi

Lögð fram og rædd skýrsla Samtaka atvinnulífsins "Eftirlit með atvinnustarfsemi tillögur til úrbóta" maí 2004.

Heilbrigðisnefnd felur formanni og framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um viðbrögð og úrbætur.

5. Ólykt frá heitloftspurrkun

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins til Svalpúfu ehf. Óseyrarbraut 11, Hafnarfirði, frá 16. júní 2004 þar sem fram kom að fyrirtækinu bæri að framkvæma frekari úrbætur á mengunarvörnum vegna heitloftspurrkunar hyggðist fyrirtækið halda þeirri starfsemi áfram og gera nefndinni grein fyrir þeim.

Einni lagt fram afrit af símbréfi heilbrigðiseftirlitsins til fyrirtækisins frá 22. október 2004 þar sem gerð var grein fyrir kvörtunum sem borist hafa undan ólykt í mánuðinum.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Með vísun til 32. gr. reglugerðar nr. 786/1999, með síðari breytingum, um mengunarvarnaeftirlit felur heilbrigðisnefnd heilbrigðiseftirlitinu að stöðva umrædda starfsemi þegar í stað."

6. Önnur mál

6.1 Hljóðvist á nýbyggingarsvæði í eldri byggð á Norðurbakka í Hafnarfirði

Lagt fram erindi Hafnarfjarðarbæjar, umhverfis- og tæknisviðs, frá 20. október 2004, þar sem óskað er heimildar til beitingar fráviksgilda vegna hljóðstigs við uppbyggingu íbúðarbyggðar á Norðurbakka í Hafnarfirði, samkvæmt viðauka í reglugerð um hávaða nr. 933/1999, með síðari breytingum.

"Heilbrigðisnefnd fellst á að beita megi frávik II samkvæmt reglugerð 933/1999, um hávaða fyrir íbúðabyggð á Norðurbakka, þar sem um þéttingu byggðar er að ræða. Samkvæmt hljóðútreikningum liggur fyrir að hljóðstig í alt að helmingi hluta af byggingasvæðinu verði ekki undir 55 dB(A) fyrir utan opnanlega glugga í minnsta kosti helmingi íveruherbergja í hverri íbúð. Frávik II á því ekki við þær byggingar og þar verða að vera hljóðdeyfðar loftrásir og vélræn loftræsting sem tryggir viðunandi loftskipti og að hljóðstig innanhúss verði undir 30 dB(A)."

6.2 Úrskurðir

Lagt fram bréf Úrskurðarnefndar skv. 31. gr. I. Nr. 7/1998 þar sem fram kemur að nefndin hefur kveðið upp tvo úrskurði í málum gegn Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis:

Í máli Gunnar Jóhannsdóttur og Stefáns Finnbogasonar eru úrskurðað: “Ekki er fallist á kröfu kæranda um aðgerðaleysi kærða.”

Í máli Einar J. Einarsson eru úrskurðað: “Kröfu lögmanns kæranda um að ákvörðun kærða verði hrundið og umrætt leyfi til hundahalds verði veitt, er hafnað.”

6.3 Ársfundur Sorpu bs., Strætó bs., Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs og 28. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Lagt fram fundarboð á sameiginlegan ársfund þann 5. nóvember n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Loftur Þór Pétursson

Gestur Pétursson

Árni Sverrisson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Andrés Pétursson

Richard Hansen

Sigurgeir Ólafsson